

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 22. maí 2008 í máli nr. E-1454/2007:

T

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hdl.)

gegn

K

(Dögg Pálsdóttir hrl.)

Þetta mál var höfðað með stefnu, birtri 26. júní 2007, og dómtekið 5. maí sl. Stefnandi er T, kt. (...), L-bæ, A-kaupstað. Stefnda er K, kt. (...), E-götu, Kópavogi.

Stefnandi krefst þess að stefnda verði dæmd til að greiða honum 2.200.000 krónur með dráttarvöxtum, skv. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, frá 27. júní 2007 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefnda krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Við fyrirtöku málsins 19. febrúar sl. var af hálfu stefndu, með vísan til 3. mgr. 67. gr. laga um meðferð einkamála, skorað á son stefnanda, sem er fyrrum sambýlismaður stefndu, að leggja fram fylgiskjal 3.02 með skattframtali sínu 2006. Ekki var orðið við þeirri áskorun. Á dómþingi 25. febrúar var af hálfu stefndu lögð fram skrifleg beiðni um að vörslumaður skattframtalsins yrði með úrskurði skyldaður til að afhenda skjalið fyrir dómi, sbr. 2. mgr. 68. gr. laga um meðferð einkamála. Lögmenn fluttu málið um þetta ágreiningsefni 27. febrúar sl. og þann 13. mars var kveðinn upp úrskurður þess efnis að vörslumanni væri ekki skylt að afhenda til framlagningar í málinu fylgiskjal 3.02 með skattframtali sínu 2006.

Málavextir.

Stefnandi er fyrrverandi tengdafaðir stefndu. Að hans sögn eru málsatvik þau að stefnda leitaði til hans og fór þess á leit að hann lánaði sér rúmar tvær milljónir króna, þar sem hún væri í fjárhagsvandræðum. Hafi stefnda lofað að endurgreiða stefnanda skuldina fljótlega. Það hafi orðið að samkomulagi að stefnandi lánaði stefndu 2.200.000 krónur sem stefnandi hafi millifært inn á reikning stefndu, númer (...), í Íslandsbanka, í tveimur greiðslum, fyrst 1.500.000

krónur þann 22. júlí 2005 og síðan 700.000 krónur 5. október 2005. Þrátt fyrir ítrekaðar greiðsluáskoranir, hafi stefnda ekki endurgreitt stefnanda skuldina og því sé honum nauðugur einn sá kostur að höfða þetta mál til þess að innheimta kröfuna.

Stefnda gerir verulegar athugasemdir við málavaxtalýsingu stefnanda, þar sem bæði sé rangt farið með og verulega skorti á. Að sögn stefndu eru málavextir þeir að stefnda og sonur stefnanda, M, einnig búsettur á L-bæ, þjuggu saman um tíu ára skeið og eignuðust á sambúðartímanum tvo syni. Þau hafi slitið samvistum í júlímánuði 2005, en formleg sambúðarslit hafi farið fram með samkomulagi um forsjá sonanna og meðlagsgreiðslur með þeim, sem staðfest hafi verið af sýslumanninum í Borgarnesi hinn 5. ágúst sama ár. Samkvæmt samkomulaginu skyldu synirnir lúta sameiginlegri forsjá foreldranna en hafa lögheimili hjá stefndu. Hafi þeir síðan þá búið hjá stefndu en umgengist föður sinn nokkuð.

Að sögn stefndu voru helstu eignir hennar og sonar stefnanda fasteignin að L-bæ 2, fastanr. (...), og bifreiðin XX-000. Við sambúðarslitin hafi þeim samist um að ljúka fjárskiptum sín í milli á þann veg að fasteignin kæmi í hlut sonar stefnanda, sem skyldi í staðinn greiða stefndu 4.000.000 króna. Greiðsluna skyldi sonur stefnanda inna af hendi með því annars vegar að greiða stefndu út 2.200.000 krónur en hins vegar að taka að sér greiðslur á bílaláni vegna bifreiðarinnar XX-000, 1.800.000 krónur, er koma skyldi í hlut stefndu. Sonur stefnanda hafi þá ekki átt handbært fé til að greiða stefndu umsamda útborgun, 2.200.000 krónur. Hann hafi hins vegar sagt stefndu að stefnandi myndi aðstoða hann við að reiða útborgunina fram. Stefnandi hafi greitt fjárhæðina, samkvæmt því, inn á reikning stefndu í tveimur greiðslum, 1.500.000 krónur hinn 22. júlí 2005 og 700.000 krónur hinn 5. október sama ár. Sömu daga hafi stefnda innt af hendi greiðslur til fasteignasöluvarnaraðildar Akkúrat og seljenda vegna fasteignarinnar að E-götu, sem hún var að kaupa fyrir sig og synina.

Stefnda vísar til þess að með stefnu, dags. 18. júní 2007, sem árituð var 19. júní sama ár af lögmanni feðganna, það er stefnanda og sonar hans, hafi hún höfðað forsjármál á hendur syni stefnanda og krafist þess meðal annars að forsjá beggja sona þeirra yrði falin henni einni. Eins og forsjárstefnan beri með sér hafi sú málshöfðun átt sér nokkurn aðdraganda og hafi syni stefnanda, með bréfi dags. 13. júní 2007, verið gefinn kostur á að samþykkja að forsjá sonanna færðist yfir til stefndu, sem hann hafi ekki reynst tilbúinn til. Stefnda hafi því verið tilneydd að höfða forsjármálið, enda hafi hún talið sýnt að allar forsendur fyrir áframhaldandi sameiginlegri forsjá væru brostnar og myndi það þjóna hagsmunum sonanna best að þeir lytu forsjá hennar einnar. Einungis átta dögum síðar hafi lögmanni stefndu verið birt stefna í þessu innheimtumáli, þar sem hún sé krafín um greiðslu á þeirri fjárhæð er sonur stefnanda greiddi henni við sambúðarslitin, eins og áður er rakið, fyrir milligöngu stefnanda.

Að sögn stefndu er það rangt hjá stefnanda að hann hafi beint til hennar áskorunum um að greiða honum, hvað þá ítrekuðum. Hið rétta sé að stefnandi hafi aldrei krafíð stefndu um neinar greiðslur, enda hafi ekkert tilefni verið til þess þar sem engin skuld sé til staðar á milli stefndu og stefnanda.

Stefnda telur sýnt að höfðun þessa máls sé hefndarráðstöfun af hálfu stefnanda og sonar hans, enda sé þetta innheimtumál höfðað án nokkurs fyrirvara eða raunverulegs tilefnis, beint í kjölfar þess að stefnda höfðaði forsjármál á hendur syni stefnanda, og hafi stefna í innheimtumálinu verið þingfest sama dag og stefna í forsjármálinu, hinn 27. júní 2007. Ljóst sé að höfð hafi verið hröð handtök við undirbúning málarekstursins, sem sé í raun alfarið tilhæfulaus. Virðist eingöngu til hans stofnað í þeim tilgangi að baka stefndu kostnað og ónæði. Hún eigi augljóslega engra kosta vöð annarra en að taka til varna í þessu máli.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir kröfu sína á því að hann hafi lánað stefndu umtalsverða fjárhæð sem stefnda hafi lofað að greiða fljótt og örugglega til baka. Síðan séu liðin tæplega tvö ár og stefnda hafi ekki gert sig líklega til að endurgreiða lánið þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir þess efnis. Þar sem stefnandi og stefnda hafi ekki samið fyrirfram um gjalddaga kröfunnar sé ljóst að stefndu beri að inna greiðsluna af hendi þegar stefnandi krefji hana um greiðslu. Stefnandi bendir á það að þetta lán til stefndu hafi verið bæði vaxtalaust og óverðtryggt og því hafi stefnandi beðið umtalsvert tjón vegna síðbúinna efnda stefndu.

Stefnandi vísar til framlagðra skjala í málinu, reikningsyfirlits og greiðslu kvittunar, sem sýni með ótvíræðum hætti að stefnandi hafi lagt umkrafða fjárhæð inn á bankareikning stefndu í Íslandsbanka, en það hafi verið skýrt og ótvírætt milli stefnanda og stefndu að þetta væri lán, en ekki örlætisgerningur, og því beri stefndu að greiða stefnanda hina umkröfðu fjárhæð.

Stefnandi vísar fyrst og fremst til meginreglna íslensks fjármunaréttar um skuldbindingargildi samninga og réttar efndir fjárskuldbindinga. Þá er vísað til meginreglna kröfuréttar um greiðslutíma þegar gjalddagi kröfu er ekki fyrirfram ákveðinn. Dráttarvaxtakröfu styður stefnandi við III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað eigi stoð í 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Til stuðnings sýknukröfu vísar stefnda til þess sem áður er komið fram um að hún hafi ekki fengið það fé að láni hjá stefnanda, sem hann krefji hana nú um greiðslu á. Féð hafi stefnandi reitt fram fyrir son sinn til efnda á samningi sonarins og stefndu um fjárskipti við sambúðarslit. Fyrir liggja að sonur stefnanda og stefnda hafi átt að baki um tíu ára langa sambúð og hafi átt, við sambúðarslitin, bæði fasteignina L-bæ 2 og bifreiðina XX-000. Fasteignin hafi komið í hlut sonarins gegn því að hann greiddi stefndu út 2.200.000 krónur, auk þess sem hann tæki að sér greiðslu á bifreiðaláni að fjárhæð 1.800.000 krónur. Útborgunina hafi sonurinn innt af hendi með fé sem stefnandi hafi greitt beint inn á tékkareikning stefndu í Glitni hf., nr. (...), í tveimur greiðslum, annars vegar 22. júlí 2005 og hins vegar 5. október sama ár.

Til staðfestingar þessu vísar stefnda til staðfests afrits af fylgiskjali 3.02 með skattframtali hennar 2006, þar sem fram komi, í lið A, um eign og verð, að stefnda hafi selt fasteignina L-bæ 2, fastanr. (...), syni stefnanda hinn 5. ágúst 2005. Söluverðið hafi verið 4.000.000 króna en útborgun það árið hafi verið 2.200.000 krónur. Yfirteknar skuldir hafi verið 1.800.000 krónur. Í lið B, um áhvílandi skuldir samkvæmt kaupsamningi sem kaupandi yfirtaki, sé tiltekið lán Glitnis vegna XX-000, 1.800.000 krónur. Jafnframt komi þar fram, samkvæmt meðfylgjandi bréfi skattstjórans í Reykjanesumdæmi, að 2.200.000 krónur hafi verið greiddar út í peningum vegna sambúðarslita og peningarnir notaðir í útborgun í íbúð við E-götu, auk þess sem kaupandi yfirtaki áhvílandi lán sem seljandi sé skráður fyrir.

Stefnda kveðst hafa gengið frá skattframtali sínu og sonar stefnanda 2006, og því telji hún að samsvarandi upplýsingar hafi verið tilgreindar á skattframtali sonarins, en þar hafi jafnframt komið fram að útborgunina til hennar, 2.200.000 krónur, hafi sonurinn fengið að láni hjá stefnanda.

Stefnda vísar jafnframt til framlagðs yfirlits um hreyfingar á tékkareikningi hennar nr. (...) þá daga sem stefnandi kveðst hafa lánað henni kröfufjárhæðina. Af yfirlitinu megi glöggst sjá að hinn 22. júlí 2005 leggi stefnandi sannarlega inn 1.500.000 krónur, en jafnframt komi fram að samdægurs leggi stefnda tæplega þá fjárhæð, eða samtals 1.454.640 krónur, inn á reikninga fasteignasölu Akkúrat ehf. og reikning MGR, annars seljanda íbúðarinnar að E-götu. Sama eigi sér stað 5. október 2005, þegar stefnandi leggi inn 700.000 krónur á reikninginn. Þá leggi stefnda samtals 685.771 krónur inn á reikninga fyrrgreindar fasteignasölu og hins seljanda íbúðarinnar, JBS.

Af framangreindu megi vera ljóst að engin tilviljun ráði því að kröfufjárhæð í þessu máli sé nákvæmlega sú sama og syni stefnanda hafi borið að greiða stefndu vegna fjárskipta þeirra í milli, 2.200.000 krónur, eða því að stefnda skuli hafa tilgreint einmitt þá fjárhæð á fylgiskjali skattframtals fyrir tekjuárið 2005, sem útborgun vegna sölu á hluta hennar í fasteigninni að L-bæ til sonar stefnanda – og hafi þeirri fjárhæð verið varið til útborgunar í íbúð við E-götu. Aðeins með því að fá útborgunina hjá stefnanda hafi syni hans tekist að standa við sinn hluta fjárskipta sammingsins. Sonur stefnanda hafi ekki innt aðra greiðslu af hendi til stefndu vegna sambúðarslitanna. Ef stefnandi færi með rétt mál lægi því ljóst fyrir að það væri sonur hans sem skuldaði stefndu jafnframt nákvæmlega sömu fjárhæð – 2.200.000 krónur.

Engin tilviljun ráði því heldur að stefnandi hafi aldrei áður krafist stefndu um þá fjárhæð sem hér um ræðir. Sú fullyrðing, sem ítrekað birtist í stefnu, að stefnandi hafi ítrekað skorað á stefndu að greiða honum kröfufjárhæðina, sé ósönn. Því til stuðnings vísar stefnda til þess að stefnandi hafi ekki lagt fram nauðsynleg sönnunargögn fyrir þeirri fullyrðingu, það er afrit af áskorunum til stefndu og staðfestingu á birtingu þeirra fyrir henni. Jafnframt er vísað til þeirrar augljósu mótsagnar að stefnandi haldi því, annars vegar, fram að hann hafi ítrekað skorað á stefndu að greiða honum kröfufjárhæðina. Hins vegar treysti hann sér ekki til að krefjast dráttarvaxta nema frá þingfestingu stefnu í þessu máli. Hefði stefnandi beint greiðsluáskorunum til stefndu hefði hann, án nokkurs vafa, notfært sér heimild 3. mgr. 5. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 og krafist stefndu um greiðslu dráttarvaxta frá því liðinn var mánuður frá því hann sannarlega krafði stefndu um

greiðslu – svo sem heimilt er í þeim tilvikum er ekki hefur verið samið um gjalddaga, eins og stefnandi byggir á í því tilviki sem hér um ræðir. Það sé honum nú ómögulegt, enda hafi hann aldrei skorað á stefndu að greiða sér neitt. Væri einhver fótur fyrir fullyrðingum hans um skuld stefndu hefði hann því ljóslega gert sig sekan um stórfellt tómlæti í því efni.

Stefnda byggir á því að stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því að hún skuldi honum þá fjárhæð sem hann nú krefur hana um greiðslu á, en það hafi honum á engan hátt tekist að sanna. Hið eina sem hann vísi til sé að hann hafi lagt umkrafða fjárhæð inn á bankareikning stefndu, sem er á engan hátt umdeilt í máli þessu. Hins vegar hafi stefnandi á engan hátt gert líklegt, hvað þá sannað, að þar hafi verið um að ræða lán til stefndu. Þvert á móti þyki stefndu, í ljósi kringumstæðna á þeim tíma er stefnandi innti greiðslunnar af hendi til stefndu, og með framlögðum sönnunargögnum, að hún hafi fært fram nægilegar sönnur fyrir því að stefnandi hafi verið að lána eða gefa syni sínum kröfufjárhæðina, af ástæðum sem ítrekað hefur verið vísað til hér að framan. Hafi þar verið um lán að ræða, sem hann hafi ekki fengið endurgreitt frá syninum, beri honum því að beina kröfu þar að lútandi að syni sínum. Í ljósi alls ofangreinds heldur stefnda því fram að sýkna beri hana alfarið af kröfum stefnanda.

Máli sínu til stuðnings vísar stefnda einkum til samningalaga nr. 7/1936 auk meginreglna kröfuréttar um stofnun fjárskuldbindinga. Málskostnaðarkrafa stefndu byggist á ákvæðum XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. aðallega 130. gr. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun byggist á lögum nr. 50/1988 þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt vegna þjónustu sinnar. Stefnda er ekki virðisaukaskattsskyld og sé henni því nauðsynlegt að fá skattinn tildæmdan úr hendi stefnanda.

Vitnaskýrslur.

Ekki komu aðrir fyrir dóm en stefnda, K, sem gaf aðilaskýrslu. Hún staðfesti að 2.200.000 krónur hefðu verið greiddar inn á reikning hennar af reikningi stefnanda. Hún bar að hún hefði ekki beðið stefnanda að lána sér þessa fjárhæð. Ástæðu þess að fjárhæðin hefði verið greidd inn á reikning hennar kvað hún þá að hún og sonur stefnanda, M, hefðu slitið samvistum sínum um mitt ár 2005. Hafi sú fjárhæð sem stefnandi greiddi inn á reikning hennar verið sú fjárhæð sem stefnda fékk út úr sambúðarslitum þeirra. Stefnandi hafi lánað syni sínum, fyrrum sambýlismanni stefndu, peningana til þess að sonur hans gæti gert upp við hana skilnaðarsamning þeirra þar sem sonur stefnanda hafi ekki haft peningana handbæra. Hafi M sagt henni að faðir hans ætlaði að „redda“ honum til þess að M gæti borgað stefndu út. Henni hafi því ekki þótt neitt undarlegt að inn á reikning hennar kæmu greiðslur frá stefnanda þar sem hún hafi alltaf átt von á þeim.

Stefnda kvað stefnanda aldrei hafa óskað eftir því að hún endurgreiddi þetta fé, hvorki skriflega né munnlega. Bar hún að stefnandi hefði aldrei hringt í hana eftir að hún flutti í Kópavoginn. Ekki hefði hún heldur fengið bréf frá honum þar sem hann óskaði eftir endurgreiðslu.

Stefnda bar að í skattframtali sínu, sem liggur frammi í málinu, hafi hún gert grein fyrir því að hún hafi selt syni stefnanda sinn hlut í húsi þeirra að L-bæ. Húsið hafi verið metið á átta milljónir króna og hafi þau skipt þeirri fjárhæð í tvennt. M hafi greitt henni 2.200.000 krónur út og greitt afgang af bílaláni sem stefnda hafi skuldað til þess að hann þyrfti ekki að taka meira lán. Þær 2.200.000 krónur sem M hafi borið að greiða henni séu þeir fjármunir sem faðir hans, stefnandi þessa máls, krefji hana nú um.

Að sögn stefndu gerðu hún og M ætíð sín skattframtöl sjálf og hafi hún séð um stóran hluta af framtalinu. Hún hafi haldið því áfram þó svo að þau væru skilin og hafi hún einnig haldið áfram að sjá um bókhald fyrir M. Skattframtal hans samsvari hennar framtali að öðru leyti en því að hann sé skráður kaupandi að húsinu en hún seljandi. Til þess að hann myndi ekki lenda í neinum vandræðum hjá skattyfirvöldum við að gera grein fyrir því hvernig hann hefði komist yfir 2.200.000 krónur til að greiða henni út hafi hún skrifað á skattframtal hans að hann hafi fengið peningana að láni hjá föður sínum. Hún fullyrti að þannig hafi hún gengið frá framtali M.

Bar hún að samkomulag þeirra um það að hún ætti að fá fjórar milljónir frá M hafi ekki verið skriflegt þar sem þau hafi skilið í góðu og hafi verið mjög góðir vinir lengi framan af, enda hefði M ekki treyst henni til að halda utan um bókhald hans ef einhverjir erfiðleikar hefðu verið á milli þeirra. Kvaðst hún alls ekki hafa átt von á þessari kröfu frá stefnanda og hafi það komið eins og hnífur í bakið á henni að hann skyldi beina þessari kröfu að henni. Hún kvaðst ekki kunna neinar skýringar á kröfunni en bar að sér dytti helst í hug að forsjárdeila sem hún og M standi nú í kunnri að skýra málið. Kvaðst hún ekki vita til þess að hún hefði gert nokkuð á hlut stefnanda. Hann hafi aldrei gert neitt á hennar hlut þannig að hún sjái ekki aðra skýringu en þessa.

Sérstaklega að því spurð bar stefnda að í upphafi sambúðar hennar og M hafi hann einn verið skráður eigandi fasteignar þeirra að L-bæ en síðan hafi þau breytt þeirri skráningu þannig að þau voru bæði skráð eigendur.

Niðurstaða.

Það atriði sem deilt er um í þessu máli er hvers vegna stefnandi greiddi 2.200.000 krónur inn á reikning stefndu. Stefnandi heldur því fram að stefnda hafi óskað eftir láni frá honum. Fyrir þeirri fullyrðingu hefur hann þó ekki fært nein sönnunargögn önnur en samrit reikningsyfirlits þar sem sést að þann 22. júlí 2005 voru 1.500.000 krónur færðar af reikningi hans á reikning stefndu og 700.000 krónur þann 5. október sama ár.

Stefnda kom fyrir dóm og neitaði því að hún hefði óskað eftir láni frá stefnanda. Gaf hún þá skýringu á millifærslu af reikningi stefnanda á reikning hennar að hann hafi með því verið að lána syni sínum til þess að sonurinn, fyrrum sambýlismaður hennar, gæti gert upp við stefndu skilnaðarsamning þeirra. Með öðrum orðum að sonur stefnanda hafi greitt stefndu með peningum sem faðir hans hafi lánað honum, enda sé sú fjárhæð sem var millifærð sama fjárhæð og átti að

koma í hennar hlut samkvæmt skilnaðarsamningi hennar og sonar stefnanda. Þar sem sonur stefnanda hefði sagt henni að faðir hans myndi lána honum fé til þess að hann gæti gert upp við hana hafi henni ekki komið þessi millifærsla á óvart heldur hafi hún þvert á móti átt von á henni. Til stuðnings þeirri skýringu sem stefnda hefur gefið á millifærslunni hefur hún lagt fram staðfest endurrit af skattframtali sínu fyrir árið 2005.

Stefnandi hefur ekki mótmælt þeirri skýringu sem stefnda hefur gefið á millifærslunni. Hann ber því hins vegar við að sú skýring komi málinu ekki við þar sem hún varði fjárhagslegt uppgjör hennar og sonar stefnda. Kröfur sínar á son stefnanda verði stefnda að sækja í öðru máli. Væri hægt að blanda svo óskyldum atriðum saman í einu dómsmáli væri allt viðskipta- og fjármálalíf í landinu í uppnámi.

Ein og sér getur millifærsla af bankareikningi stefnanda á bankareikning stefndu ekki verið sönnunargagn í þessu máli fyrir þeirri fullyrðingu stefnanda að hann hafi lánað stefndu féð þar sem stefnda hefur mótmælt þeirri fullyrðingu og hefur fært fram trúverðugar skýringar á millifærslunni. Þar sem stefnandi hefur ekki mótmælt skýringu stefndu verður byggt á því að hún sé rétt. Þar með verður byggt á því að lögskiptin að baki millifærslunni séu ekki lán stefnanda til stefndu heldur lán stefnanda til sonar síns. Stefnda verður því sýknuð af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Vegna þessara málsúrslita og með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað. Við ákvörðun kostnaðar verður tekið tillit til þess að undir meðferð málsins var flutt mál vegna kröfu stefndu um gagnaframlagningu samkvæmt heimild í 2. mgr. 68. gr. laga um meðferð einkamála. Að þessu virtu, umfangi málsins og fyrirtökum í því þykir málflutningsþóknun lögmanns stefndu, Daggar Pálsdóttur hrl., hæfilega ákveðin 450.000 krónur.

Ingiríður Lúðvíksdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp þennan dóm.

D Ó M S O R Ð

Stefnda, K, er sýkn af kröfu stefnanda, M.

Stefnandi greiði stefndu 450.000 krónur í málskostnað.

Ingiríður Lúðvíksdóttir